

AUGLÝSING

um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Akvörðun og markmið.

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 hefur heilbrigðisráðherra ákveðið, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis og í samráði við ríkisstjórnina, að setja á tímabundna takmörkun á samkomum eftir því sem hér greinir.

Markmið takmörkunarinnar er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

2. gr.

Gildissvið.

Takmörkun á samkomum tekur gildi 14. ágúst 2020 kl. 00.00 og gildir til 27. ágúst 2020 kl. 23.59.

Stjórvöld endurmeta þörf á takmörkuninni eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að afléttu henni fyrr eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á samkomum tekur til landsins alls.

Auglýsingin tekur hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til loftfara og skipa í millilandaferðum.

Ákvæði 3., 4. og 6. gr. auglýsingar þessarar taka ekki til barna sem eru fædd árið 2005 og síðar.

3. gr.

Fjöldatakmörkun.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar auglýsingar. Með fjöldasamkomum er átt við þegar fleiri en 100 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum. Er þá m.a. vísað til:

- Ráðstefna, málþinga, útifunda o.þ.h.
- Kennslu, fyrirlestra og prófahalds.
- Skemmtana og menningarviðburða, svo sem tónleika, leiksýninga, bíosýninga, íþróttaviðburða og einkasamkvæma.
- Kirkjuathafna hvers konar, svo sem vegna útfara, giftinga og ferminga, og annarra trúar-samkoma.
- Annarra sambærilegra viðburða með fleiri en 100 einstaklingum.

Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 100 einstaklingar inni í sama rými.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er matvöruverslunum heimilt að hafa allt að 100 manns inni í einu að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði 4. gr. Þá er matvöruverslunum sem eru yfir 1.000 m² að stærð heimilt að hleypa til viðbótar einum viðskiptavin inn fyrir hverja 10 m² umfram 1.000 m², þó að hámarki 200 viðskiptavinum í allt.

4. gr.

Almenn nálægðartakmörkun.

Á samkomum, öllum vinnustöðum og í allri annarri starfsemi, m.a. þeirri sem talin er upp í 3. gr., skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki deila heimili.

Í starfsemi sem eðlis síns vegna krefst meiri nálægar en kveðið er á um í 1. mgr., svo sem í heilbrigðispjónustu, á hárgreiðslustofum, nuddstofum og í almenningssamgöngum þar sem ferð varir í 30 mínútur eða lengur, skal nota andlitsgrímu sem hylur nef og munn þar sem 2 metra fjarlægð milli einstaklinga verður ekki við komið. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðispjónustu skulu uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma samkvæmt ákvæði þessu.

5. gr.

Nálægðartakmörkun í skólum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. er heimilt að hafa 1 metra milli einstaklinga í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum án þess að andlitsgrímur séu notaðar. Nálægðartakmörk og fjöldatakmörk taka ekki til barna sem fædd eru 2005 og síðar, sbr. 5. mgr. 2. gr.

Í framhalds- og háskólum skal sótthreinsa sameiginlegan búnað og snertifleti a.m.k. einu sinni á dag og þar skal jafnframt lögð áhersla á einstaklingsbundnar sóttvarnir.

6. gr.

Nálægðartakmörkun í íþróttum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. um 2 metra nálægðartakmörkun eru snertingar heimilar milli íþróttafolks á æfingum og í keppnum. Aftur á móti skal virða 2 metra nálægðartakmörkun í búningsklefum og á öðrum svæðum utan keppni og æfinga.

Aðrir, meðal annars þjálfarar, starfsmenn og sjálfboðaliðar, skulu ávallt gæta að nálægðartakmörkunum skv. 1. mgr. 4. gr.

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur, svo sem um áhorfendur, einstaklingsbundnar sóttvarnir og sótthreinsun búnaðar, um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalæknii.

7. gr.

Takmarkanir á starfsemi vegna sérstakrar smithættu.

Veitingastaðir þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar og spilasalir skulu ekki hafa opið lengur en til kl. 23.00 alla daga vikunnar.

Í starfsemi þar sem notaður er sameiginlegur búnaður, svo sem í íþróttastarfi, starfsemi líkamsréktarstöðva, spilasala og spilakassa, skal búnaður sótthreinsaður milli notenda.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. um fjöldatakmörkun má gestafjöldi á sund- og baðstöðum aldrei vera meiri en helmingur af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptirými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda. Sóttvarnalæknir gefur út nánari leiðbeiningar um sund- og baðstaði vegna COVID-19. Ákvæði þetta tekur einnig til baðstaða í náttúrunni eftir því sem við á.

Ekki er heimilt að veita tímabundið leyfi fyrir skemmtunum, svo sem tónleikum, dansleikjum, brennum eða öðrum viðburðum sem ætla má að dragi að sér hót fólks eftir kl. 23.00.

8. gr.

Heilbrigðisstofnanir, hjúkrunarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir.

Heilbrigðisstofnanir, hjúkrunarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir skulu setja sér reglur um starfsemi sína, svo sem varðandi heimsóknir utanaðkomandi að heimilunum og stofnunum.

9. gr.

Prif og sótthreinsun almenningsrýma.

Í öllum verslunum, opinberum byggingum og á öðrum stöðum innandyra þar sem umgangur fólks er nokkur skal þrífa eins oft og unnt er, sérstaklega algenga snertifleti. Auk þess skal minna almenning og starfsmenn á einstaklingsbundnar sóttvarnir, svo sem munnlega, með merkingum eða skiltum.

Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á, m.a. við afgreiðslukassa og innkaupakerrur í verslunum.

10. gr.

Undanþágur.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá takmörkun á samkomum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins eða til verndar lífi eða heilsu manna eða dýra.

Nr. 792

12. ágúst 2020

11. gr.
Gildistaka.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur gildi eftir því sem mælt er fyrir um í 2. gr. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 758/2020, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, með síðari breytingum.

Heilbrigðisráðuneytinu, 12. ágúst 2020.

F. h. r.
Ásthildur Knútsdóttir.

Runólfur B. Leifsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. ágúst 2020